

2. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2009, haldinn 27. apríl kl. 13:00, í Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri, Margrét Larsen aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Jóhannes Sigurðsson og Berglind Bjarnadóttir fulltrúar Skeiða – og Gnúpverjahrepps og Fjóla Kjartansdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Starfsmannahald næsta skólaár**
- 3. Skóladagatal 2009-2010**
- 4. Fjárhagsáætlun 2009**
- 5. Skólastefna Hrunamannahrepps**
- 6. Húsnæðisstefna Fræðslunefndar**
- 7. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Frá síðasta fræðslunefndarfundi hefur skólastarfið gengið vel fyrir sig. Langar mig að nefna sérstaklega í því sambandi frábært samstarf og samvinnu starfsfólks Flúðaskóla en í þeim hópi eru allir tilbúnir til að leggjast á eitt um það að láta hlutina ganga vel og farsællega.

Skólinn hefur staðið fyrir tveimur námskeiðum á starfsdögum. Þann 23. febrúar fengum við námskeið í skyndihjálpi. Þann 14. apríl var haldið námskeið um jákvæð samskipti á vinnustað. Ánægja var með bæði þessi námskeið og munu starfsmenn búa að þeim í starfi sínu.

Flúðaskóli og Þjórsárskóli héldu starfsdaginn, þann 14. apríl, sameiginlegan og var það mjög ánægjulegt.

Nemendur hafa tekið þátt í ýmsum keppnum undanfarið og staðið sig með sóma.

Þann 5. mars var Skólahreysti haldið fyrir Suðurland og lentu nemendur Flúðaskóla þar í 3. sæti

11. mars var Stóra upplestrarkeppnin haldin í Árnesi og hlaut Kjartan Helgason 3. sætið

Skólahlaup HSK var haldið 24. mars og hlaut Flúðaskóli 3. sætið

27. mars var verðlaunaafhending í Stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi. Tveir nemendur úr Flúðaskóla lentu í verðlaunasæti, þau Guðrún Arnardóttir, 8. bekk hlaut fyrsta sætið í sínum árgangi og Jón Aron Lundberg, 9. bekk hlaut 1. – 2. sætið í sínum árgangi.

23. mars var hér „Tónlist fyrir alla“. Að þessu sinni komu þau Iris Kramer og Hrólfur Vagnsson með kynningu á blásturshljóðfærum og harmonikku.

Í lok mars óskaði Stefán Þorleifsson eftir því að hætta kórastarfi eldri kórs vegna lítillar þátttöku nemenda og var það samþykkt.

Föstudaginn 3. apríl var árs hátíðardagur Flúðaskóla. Þema dagsins var „draugar og forynjur“. Dagurinn tókst í alla staði mjög vel.

Tveir starfsmenn eru komnir inn eftir fæðingarorlof, það eru þær Fríður og Alma Jenný.

Í byrjun apríl fengu skólastjórnendur tilkynningu frá Menntamálaráðuneyti um að samræmd próf vorið 2009 féllu niður. Í framtíðinni verða öll samræmd könnunarpróf haldin að hausti.

Skóladagatal fyrir næsta vetur hefur farið fyrir kennarafund og verið samþykkt þar. Námsmatsdagar eru orðnir lítið nýttir og eru kennarar farnir að nýta sér í auknum mæli símat. Við gerð skóladagatals fyrir næsta ár tókum við tillit til þessa og setjum einungis námsmatsdaga um vorið.

Skólastjórnendur hafa tekið saman yfirlit yfir þær framkvæmdir sem átt hafa sér stað síðastliðin tvö ár og fylgir sá listi hér með í fylgiskjali. Einnig legg ég hér fram vinnuplagg, sem unnið er í sameiningu af mér og Mumma, sem er þarfalasti yfir þá þætti sem við teljum liggja brýnast fyrir að vinna í húsnæðismálum.

2. Starfsmannahald næsta skólaár.

Skólastjóri fór yfir starfsmannamál næsta skólaárs.

3. Skóladagatal 2009-2010.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali, merkt A, fyrir næsta skólaár. Formaður lagði fram aðra útgáfu af skóladagatali næsta skólaárs, merkt B, sem tekur mið af viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga. Þar er rætt um að fækka skóladögum nemenda í ljósi erfiðleika í rekstri sveitarfélaga. Hugmyndin er að skólaslit verði 28. maí og síðasti kennsludagur þann 21. maí. Í skóladagatali A eru skólaslit 1. júní og síðasti kennsludagur þann 28. maí.

Samþykkt að fresta ákvörðun um skóladagatal til næsta fundar.

4. Fjárhagsáætlun 2009

Formaður lagði fram samantekt þar sem borin er saman fjárhagsáætlun og rauntölur í rekstri skólans eftir 1. ársfjórðung. Samþykkt að skoða betur launaliðinn og innkaup fyrir mötuneyti.

Bára yfirgaf fundinn.

5. Skólastefna Hrunamannahrepps.

Formaður lagði fram drög að skólastefnu Hrunamannahrepps. Skólastefnan samþykkt með áorðnum breytingum.

6. Húsnæðismál Flúðaskóla.

Unnsteinn skýrði frá vinnu starfshóps sem skipaður var til að móta stefnu í húsnæðismálum Flúðaskóla. Þar kom m.a. fram að óskað hefur verið eftir óformlegu tilboði í stækkun íþróttahússins. Samþykkt að óska eftir fundi með fræðslunefnd og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.

Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 15.00

Fylgiskjal 1.

Flúðum 2. apríl 2009

Eftirfarandi lista hef ég sett upp sem varða stærri breytingar og innkaup fyrir skólahúsnæði. Þessi atriði eru frá því ég hóf störf hér í skólanum, haustið 2008, sett nokkurn veginn upp í tímaröð.

*Endurnýjun á leikvelli – ný leiktæki
Ofnakerfi í hluta húsnæðis lagfært
Tvær lyftur settar upp, önnur innan húss og hin utan
Aðstaða ritara og inngangi að skrifstofu skólustjóra breytt (um leið og lyfta var sett upp)
Sett upp loftkæling í serverherbergi
Keypt ný ljósritunarvél í starfsmannaaðstöðu
Keypt húsgögn, stólar og borð, í fjórar kennslustofur (á yngsta- og miðstigi)
Endurnýjaðir allir skrifborðsstólar í tölvuveri
Tölvuver og kennslustofan þar við hliðina (Vegghamrar) endurbætt, inngangur og gluggar
Sex nýir sófar keyptir í nemendaaðstöðu
Keyptur skjalaskápur fyrir trúnaðargögn (stuðningsbraut)
Endurnýjuð borð í matsal skólans
Þússað parket á kennslugangi og í öllum kennslustofum þar
Tvær nýjar myndavélar
Tvær nýjar tölvur, ein fartölva og ein borðtölva
Veggir rifnir (Kvíadalur) og stækkuð aðstaða fyrir nemendur, sett ný gluggatjöld og stangir
Smíðastofan gamla endurgerð, sett ný gluggatjöld og stangir
Nýtt 100 fm. smíðahús
Nýr server
Nýr kæliskápur í mötuneyti
Ný uppþvottavél í mötuneyti
Þakleki lagfærður
Keyptur nýr laserprentari fyrir nemendur
Keyptur bassi og bassamagnari fyrir nemendur
Keyptur læsanlegur skápur undir Legó
Salernisaðstaða yngsta- og miðstigs endurbætt*

Þetta eru stærstu hlutar sem gerðir hafa verið, en ótalin eru smærri innkaup.

Jóhanna Lilja Arnardóttir

Skólustjóri